

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur 26. janúar 2011

1. mál Fundarsetning

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur haldinn í K-húsinu Sunnubraut 26. janúar 2011 kl.20:00. Falur Daðason formaður setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna og minnti á heimasíðu félagsins þar sem allar fundargerðir og skýrslur er að finna. Á fundinum voru 10 fundarmenn auk stjórnar (7).

2. mál Kosning fundarstjóra

Falur lagði til að Hjördís yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

3. mál Kosning fundarritara

Falur lagði til að Sigurbjörg yrði fundarritari og var það samþykkt einróma.

4. mál Fundargerð síðast aðalfundar

Sigurbjörg las upp fundargerð síðasta aðlfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

5. mál Skýrsla stjórnar

Falur fór yfir skýrslu stjórnar sem er að finna á [heimasíðu sunddeildarinnar](#). Skýrsla samþykkt án athugasemda.

6. mál Ársreikningar lagðir fram

Hjördís fór yfir ársreikninga deildarinnar fyrir árið. Tap ársins var kr. 3.030.978.

Einar þakkaði góða skýrslu sem flutt var af formanni og vel framsetta reikninga. Einar spurði um skýringar á tapi og velti upp hvort að iðkendum hefði fækkað og hvers vegna það væru útistandandi skuldir við starfsfólk nú við áramót þar sem sundráð ÍRB hefði tekið yfir launamál í sumar. Hjördís sagði að fækkun iðkenda skýrði að hluta tapið og einnig færur nú styrkir beint til Sundráðs ÍRB. Ógreitt vegna starfsfólk er vegna mistaka gjaldkera og hefur verið gert upp núna.

Sigurvin spurði hvort að einhver hættumerki væru vegna lækkunar sjóðstreymis og bað um útskýringar á lækkun launakostnaðar. Hjördís útskýrði að launakostnaður væri í raun hærri þar sem ÍRB greiðir nú laun þjálfara og SK greiðir til sundráðs. Stjórnin telur ekki gott að reka deildina með halla mörg ár í röð og stefnir á að snúa þessari þróun við m.a. með styrkjum og stuðningi frá Sparisjóðnum í Keflavík og fjölgun iðkenda.

Bjarney bað um útskýringa vegna ljósabekkja og sjálfsala. Skuld Lífstíls hefur lækkað og stefnir í að þessum rekstri verði hætt. Sjálfalarlarnir skila sama hagnaði en íssalan hefur dottið upp fyrir. Enn er verið að reyna að fá forstöðumann Vatnaveraldar til að samþykkja að starfsmenn selji ís fyrir sunddeildina.

Guðmundur Bjarnason formaður sundráðs ÍRB upplýsti fundinn um að iðkendur væru nú um 30 fleiri en á sama tíma í fyrra. Markmið með auknu samstarfi deildanna var að auka fjölda iðkenda og auka gæði þjálfunar. Það hefur tekist. Það sem kemur mest á óvart er minni styrkur frá Reykjanesbæ og tekjur frá ljósabekkjum. Við verðum að finna leiðir til að auka þennan þátt. Hjördís sagði frá því að Eldri hópur væri fín viðbót með þeim æfingargjöldum sem þar koma inn. Einnig á SK nú sundmenn í öllum laugum Reykjanesbæjar og hefur vaxtarmöguleika.

Sigurvin þakkaði fyrir skýringar Guðmundar og Fals hvernig deildin ætlaði að bregðast við tapinu. Reikningar samþykktir samhljóða.

Kaffihlé

7. mál Kosningar

- a) Falur Daðason gefur áfram kost á sér sem formaður deildarinnar og var hann kosinn einróma.
- b) Sigurbjörg Róbertsdóttir, Hjörðís Kristinsdóttir, Júlíus Friðriksson og Sigurþór Sævarsson gefa öll kost á sér í stjórn og fengu þau einróma kosningu.
- c) Guðný Magnúsdóttir, Svala Robertson og Friðrik Hrannar Ólafsson kosin í varastjórn.
- d) Daði Þorgrímsson og Margeir Þorgeirsson kosnir skoðunarmenn reikninga og Birgir Ingibergsson til vara.
- e) Kosning og skipan í nefndir og ráðir vísað til stjórnar.

8. mál Æfingargjöld fyrir næsta ár ákveðin

Vísað til stjórnar. Samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

9. mál Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Hjörðís lagði fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Gert er ráð fyrir að tekjur og gjöld verði kr. 18.100.000 og deildin komi út með 0 kr. í hagnað.

10. mál Önnur mál

- a) Sigurvin ritari í aðalstjórn Keflavíkur fagnaði góðri fjárhagsáætlun og sagði að það væri kraftur í deildinni og iökendum. Varðandi iökendur þá þurfa allir að fá njóta sín, líka þeir sem ekki eru afreksmenn. Hann óskaði stjórninni til hamingju með kjörið.
- b) Falur þakkaði Ástu fyrir vel unnin störf en hún hættir nú í stjórn SK og afhenti henni mynd sem þakklætisvott.
- c) Sigurbjörg minnti á að við værum með gott þjálfarateymi í öllum laugum og værum að sinna öllum sundmönnum frá 2 ára aldri með frábærum sundþjálfurum.
- d) Falur sagði frá foreldraráði og vinnu með yngstu sundmönnum m.a. æfingardegi þar sem allir sundmenn og þjálfarar undir stjórn yfirþjálfara hittast og fara yfir sundtækni og annað sem tengist sundiðkun.
- e) Guðmundur þakkaði Ástu góð störf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.
- f) Einar þakkaði Ástu og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hann minnti einnig á að aðalfundur Keflavíkur væri 28. febrúar. Einnig minnti Einar á unglingslandsmót um verslunarmannahelgina og hvatti sundmenn til að mæta á mótið. Þá sagði hann frá því að í skoðun væri að uppfæra heimasíðuna í nýtt umhverfi. Húsnefnd K-húsins hittist vonandi í næstu viku og þar sitja fulltrúar úr hverri deild og er Júlíus Friðriksson fulltrúi sunddeilda. Einar tók einnig undir orð formanns að það væri ekki markmið deilda að safna sjóðum en alltaf væri gott að vera réttu megin við núllið. Þá spurði Einar hve mikil sundráð ÍRB rukkar SK og hvernig það er ákveðið.
Einar sagði frá samningi við N1 um afsláttarkort og að sá styrkur sem kæmi þarna inn yrði skipt á milli deilda. Að auki er tilboð frá ja.is um að setja félagsmerki við nafnið sitt og deildinn fær styrk á móti. Einar óskaði nýrri stjórn til hamingju og þakkaði Ástu vel unnin störf.

g) Hjördís gerði grein fyrir hvernig ÍRB rukkar SK og SN. Skiptingin á milli félaga er að SK greiðir 57% á móti 43% SN en þessi hlutfallsstaða er endurskoðuð tvisvar á ári.

h) Falur sagði frá heimasíðu deildarinnar og að hún hefði verið endurskipulögð frá grunni. Þar er að finna allt sem viðkemur deildinni. Sunddeildin er eina deildin innan Keflavíkur þar sem allar fundargerðir eru aðgengilegar og skýrslur stjórnar.

11. mál Fundi slitið

Hjördís sleit fundi kl. 21:30

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir